

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. júní 2023

Mál nr. S-418/2023:

Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Bjarni Hauksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 24. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 19. janúar 2022, á hendur X, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir eftirtalin brot:

„fyrir kynferðisbrot gegn barni og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa á tímabilinu [...], á framangreindu heimili sínu, misnotað freklega yfirburðarstöðu sína gagnvart A, [...], traust hennar og trúnað sem stjúpfadir og endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð hennar með því að hafa í ótilgreindan fjölda skipta með ólögmati nauðung haft við hana önnur kynferðismök en samræði með því að setja fingur inn í [leggöng] hennar, getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhafa samfarahreyfingar, sleikja kynfæri hennar, nudda kynfæri hennar og fróa sér á meðan og í eitt skipti látið hana veita sér munnmök auk þess sem ákærði sýndi henni klámmyndir og tók mynd af kynfærum hennar í eitt skipti.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 202. gr., 209. gr., 1. mgr. 210. gr. a. og 2. mgr. 218. gr. b. og almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. [...], vegna ólögráða [...], A, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 15. maí [...], en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu og til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað

kröfuhafa að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á [málflutningsþóknun].“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Jafnframt krefst hann frávísunar bótakröfu en til vara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málsatvik

Þann 4. febrúar 2021 fór lögregla að [...] þar sem C lögmaður var stödd og tilkynnti um alvarlegt kynferðisbrot gagnvart [...] ára [...] [...]. C tók á móti lögreglu í anddyri hússins og skýrði frá málinu. Inni í íbúðinni voru brotapolí, [...], [...] stjúp módír og bróðir. Brotapóli sat á rúmi inni í herbergi hennar. Samkvæmt skýrslu lögreglu var brotapolí róleg en mikið niðri fyrir. Hún skýrði svo frá að stjúpfaðir hennar, ákærði, hefði brotið gegn henni kynferðislega á árunum [...], örugglega yfir 100 skipti. Hún myndi vel eftir fyrsta brotinu sem hefði átt sér stað þegar hún hefði verið [...] ára og hefði verið að máta kjóla móður sinnar. Ákærði hefði fengið hana til að koma upp í rúm til sín, hann hefði strokið henni á einkasvæði hennar og síðan látið hana strjúka sér. Ákærði hefði síðan beðið hana um að sleikja getnaðarliminn á sér en hún ekki viljað það. Hann hefði beðið hana um að prófa það og hún hefði gert það en fundist það ógeðslegt. Hann hefði ekki aftur beðið hana um að gera það. Hann hefði síðan farið niður á hana og sleikt hana. Brotapóli kvað brotin alltaf hafa átt sér stað á heimili þeirra að [...]. Aðferðin hefði alltaf verið svipuð, ákærði hefði fengið hana til að strjúka sér og hún strokið honum og stundum hefði hann fengið sáðlát. Þegar það gerðist hefði hann beðið hana að setjast upp og síðan haft sáðlát yfir hana. Í eitt skiptið hefði ákærði tekið mynd af kynfærum hennar en þá hefði hún verið [...] ára. Ákærði hefði síðan sýnt henni myndina og gefið henni þá skýringu á myndatökunni að hann ætlaði að kenna henni að setja handfang á hárbursta upp í kynfærin. Hún hefði beðið hann að eyða myndinni sem hann hefði gert. Ákærði hefði hætt að brjóta á henni árið [...] en hún vissi ekki af hverju. Ákærði hefði sagt við hana að þetta væri bara á milli þeirra og beðið hana um að segja engum frá. Henni hefði liðið mjög illa með þetta. Hún hefði sagt bestu vinkonu sinni, D, frá þessu fyrir um mánuði síðan.

Rætt var við föður brotápóla sem greindi frá því hvernig það atvikaðist að brotapolí sagði frá. Hann sagði að hegðun hennar hefði breyst mikið að undanfögnu og hann hefði grunað að eitthvað hefði komið fyrir hana. Nokkrum dögum fyrr hefði hún farið með [...] í skólann. Hann og módír brotápóla væru með [...] og frá árinu [...] hefðu þau verið aðra hvora viku hjá honum og hina hjá móður þeirra að [...]. Í kjölfar atviksins í skólanum hefðu þau ákveðið að brotapolí yrði hjá honum yfir daginn þá daga sem hún

yrði ekki í skólanum. Hann hefði þá farið að ræða við brotaþola um líðan hennar og hegðun, hvers vegna þetta hefði gerst og fleira, en hann hefði verið að reyna að finna einhverja ástæðu fyrir breyttri hegðun hennar. Þetta hefði leitt til þess að hann hefði farið að spyrja hana hvort einhver sem hún þekkti hefði gert henni eitthvað eða meitt hana. Hann hefði nefnt menn í fjölskyldunni en þegar hann hefði nefnt ákærða hefði hún litið niður og hann þá sagt að hann ætlaði að spyrja hana einnar spurningar og hún gæti svarað með því að kinka kolli. Hann hefði þá spurt hana hvort ákærði hefði gert eitthvað við hana og þá hefði brotaþoli kinkað kolli játandi. Hann hefði þá sagt henni að hún ætti ekki að segja honum meira. Hann hefði svo haft samband við móður brotaþola og sagt henni frá þessu. Móðir brotaþola hefði hringt í C, [...] vinkonu sína sem sé [...], og beðið hana um að ræða við brotaþola. C hefði komið heim til hans og brotaþoli hefði sagt henni frá meintum brotum ákærða. C hefði svo greint honum og móður brotaþola frá því sem brotaþoli hefði sagt. Hann hefði einnig hringt í Foreldahús og rætt þar við konu sem hefði sagt að það þyrfti að tilkynna málið til barnaverndar sem fyrst.

Lögregla fór því næst að [...] og handtók ákærða. [...]. Ákærði heimilaði húsleit og sömuleiðis [...]. Var því leitað í báðum íbúðunum og símar og tölvubúnaður haldlagður. Engin gögn fundust sem geta haft áhrif á málið.

Þann 19. febrúar 2021 var tekin skýrsla af brotaþola í Barnahúsi. Hún greindi þá frá því að árið [...], þegar hún hefði verið [...] ára, hefði ákærði byrjað að káfa á henni. Hún hefði verið að máta kjóla af móður sinni og ákærði hefði legið í rúminu. Þegar hún hefði verið búin hefði hann sagt henni að hún mætti koma upp í rúmið og þá hefði hann farið að snerta einkastaði hennar og nudda. Hann hefði farið úr buxum og nærbuxum og viljað að hún runkaði honum með því að færa höndina upp og niður. Það hefðu svo verið fleiri skipti í kjölfarið þar sem það sama hefði gerst. Hann hefði einu sinni viljað að hún sleikti á honum getnaðarliminn. Hún hefði sagt að hún vildi það ekki en hann hefði sagt henni að prófa. Hún hefði þá gert það og sagt honum að henni fyndist það ógeðslegt þannig að hún hefði ekki gert það. Hann hefði líka farið niður á hana og sleikt hana og það hefði gerst oft, en oftast hefði þó einungis verið um snertingar á einkastöðunum að ræða. Ákærði hefði einu sinni eða tvisvar sett fingur inn í leggöng hennar meðan hann hefði sleikt hana. Einnig hefði hann sett getnaðarliminn á milli læranna á henni og snert hana og viljað að hún snerti hann. Hún hefði þá legið á hlið að horfa á mynd og hann hefði klætt þau úr að neðan og gert þetta. Hann hefði svo viðhaft hreyfingar eins og hann væri að fara að stunda samfarir með henni nema getnaðarlimurinn hefði ekki farið inn. Ákærði hefði haldið um mjaðmir hennar og hreyft hana fram og til baka. Svo hefði hann hætt og þau haldið áfram að horfa á myndina. Ákærði hefði oftast fengið sáðlát. Þá hefði hún legið og hann horft á hana og strokið á sér getnaðarliminn og sæðið hefði farið yfir hana. Það hefði alltaf verið handklæði eða bolur af honum undir henni svo sæðið færi ekki í lakið. Hann hefði þrifið sæðið af henni og síðan hefðu þau farið aftur í fötin. Þetta

hefði verið allt sem hann gerði við hana og þetta hefði hætt í upphafi ársins [...]. Brotapoli tengdi endalokin við það að það hefðu verið slagsmál á heimili föður hennar og lögregla og barnavernd hefðu komið inn í það. Þau systkinin hefðu verið skráð hjá barnavernd og hún teldi að ákærði hefði ekki viljað gera þetta lengur af ótta við að barnavernd kæmi að málum þeirra aftur.

Brotapoli kvaðst ekki vita hve oft þetta hefði gerst en stundum hefðu liðið fáir dagar á milli og stundum fleiri, en hún taldi víst þetta hefði gerst oftar en 100 sinnum. Þá hefði ákærði stundum verið með klám í gangi. Hann hefði líka tekið myndir af einka- staðnum hennar en eytt þeim að hennar beiðni. Hann hefði notað myndirnar til að sýna hvernig hún hún ætti að setja skaft á hárbursta þangað inn. Móðir hennar hefði ekki verið heima fyrsta kvöldið sem þetta hefði gerst en stundum hefði hún verið það. Bróðir hennar hefði einnig stundum verið heima en hann hefði þá verið inni í herberginu sínu í tölvunni. Atburðirnir hefðu alltaf gerst inni svefnherbergi ákærða eða frammi í stofu heima hjá þeim að [...]. Dyrnar hefðu stundum verið lokaðar og stundum ekki. Hún hefði einu sinni séð móður sína ganga framhjá en var ekki viss um hvort hún hefði séð eitthvað. Brotapoli kvaðst upphaflega hafa sofið í herbergi með bróður sínum en síðan hefði verið útbúið sérstakt herbergi fyrir hana frammi árið [...] með því að stúka það af með tjöldum. Þetta hefði einnig gerst þar þegar ákærði hefði komið þangað og ætlað að svæfa hana, þó ekki oft. Hann hefði þá lagst upp í rúmið hennar og farið að snerta hana.

Ákærði hefði einu sinni sagt við hana að þetta væri bara þeirra á milli og hún ætti ekki að segja neinum frá þessu. Brotapoli hefði liðið mjög illa með þetta og ætti erfitt með að treysta fólki í dag. Hún hefði sagt bestu vinkonu sinni frá þessu í desember en hún hefði gengið í gegnum það sama og hún því treyst henni best. Síðan hefði hún sagt annarri vinkonu. Hún hefði sagt föður sínum frá þegar hann hefði farið að spyrja hana hvort einhver hefði gert henni eitthvað.

Brotapoli taldi að lítið hefði gerst á sumrin þar sem hún hefði þá verið mikið úti og með vinkonum sínum. Vinkonur hennar hefðu stundum gist og þeim hefði þá fundist óþægilegt að ákærði gengi um á nærbuxunum og síðan lýsti hún því að einu sinni hefði ákærði farið í „kitlustríð“ við hana og vinkonu hennar en þær hefðu hætt þegar þær sáu að hann var kominn með standpínu.

Brotapoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 23. nóvember 2022. Þar lýsti hún því að þau ákærði hefðu oft horft saman á bíómyndir. Þau hefðu þá verið í rúminu hjá ákærða og móður hennar undir sæng. Oftast hefðu þau verið tvö saman en stundum hefði móðir hennar verið með. Brotapoli kvað það passa að annað hvort móðir hennar eða ákærði hefðu legið hjá henni þegar hún hefði verið að sofna. Oftast hefði það verið ákærði. Hún kvað þetta hafa hætt [...], að hún teldi vegna þess að atvik hjá föður hennar hefði verið tilkynnt til barnaverndar, en var þó ekki alveg viss hvort það tengdist. Þegar móðir hennar hefði verið í námi í [...] hefði hún oft sofið inni hjá ákærða. Þau hefðu horft saman á

mynd og hún svo sofnað. Spurð um hvort ákærði hefði verið inni á baðherbergi þegar hún hefði verið í baði kvað hún hann stundum hafa beðið um að vera hjá henni og verið með mynd í gangi í tölvunni og verið að snerta hana. Hann hefði þá setið á stól við hliðina á baðkarinu og sett mynd á Netflix og stundum klám sem hefði yfirleitt verið með unglingsstelpum. Og stundum þegar hann hefði verið í baði hefði hann beðið hana um að koma ofan í baðið með sér. Hann hefði þá snert kynfæri hennar og viljað að hún snerti kynfæri hans. Hann hefði ekki farið inn í kynfæri hennar í baðinu. Hann hefði einnig stundum snert brjóst hennar. Brotapoli taldi að þau hefðu setið á móti hvort öðru og hún í fanginu á honum, en var þó ekki viss. Hún hefði nuddað á honum getnaðarliminn í samræmi við það sem hann hefði sagt henni að gera. Þetta hefði gerst oft. Hún hefði ekki læst að sér á baðherberginu en það hefði ekki verið af því að henni hefði verið bannað það, heldur hefði það tíðkast til þess að aðrir kæmust inn til að pissa. Þegar ákærði hefði fengið sáðlát hefði það verið yfir magann á henni en þá hefði hann verið að snerta sig sjálfur. Sæðið hefði svo verið þrifið af með handklæði, bol eða einhverju slíku sem hefði verið við hliðina á þeim. Stundum hefði verið opið inn í herbergið en stundum lokað, það hefði farið eftir því hvort einhver var heima. Ákærði hefði alltaf snert hana þegar þau horfðu saman á bíómynd nema ef móðir hennar hefði verið með.

Spurð um tilviknið þegar ákærði hefði beðið hana um að sleikja á sér getnaðarliminn sagðist hún ekki hafa viljað gera það þar sem bragðið væri vont þannig að ákærði hefði farið í ísskápinn og náð í rjóma og sett á liminn og sagt henni að prófa aftur. Hún hefði gert það en ennþá ekki viljað þetta. Ákærði hefði þá ekki gert meira í því. Þetta hefði verið á seinni hluta tímabilsins. Spurð hvort ákærði hefði aldrei sett getnaðarliminn inn í kynfæri hennar kvað hún það ekki hafa gerst og spurð um hvort hann hefði strokið honum upp við hana játaði hún því. Nánar spurð um tilvik þar sem ákærði hefði verið að ræða við móður hennar á meðan hann hefði verið að snerta hana sagði hún móður sína hafa verið að fara í vinnu en hún hefði snúið við þar sem hún hefði gleymt símanum sínum. Ákærði hefði þá verið byrjaður að snerta hana. Móðir hennar hefði talað um að taka sér frí frá vinnu en ákærði hefði sagt henni að gera það ekki og hún hefði svo farið.

Eftir að móðir hennar fór [...] haustið [...] hefði hún farið að dvelja aðra hverja helgi, fimmtudag til mánudags, hjá ákærða en annars hjá föður sínum. Þá hefði þetta gerst sjaldnar. Spurð hvort ákærði hefði sagt að hún mætti ekki segja neinum frá þessu neitaði hún því.

Í vottorði E, sálfræðings í Barnahúsi, dags. 9. nóvember 2022, kemur fram að brotapoli hafi komið alls 30 sinnum í viðtöl frá 13. apríl 2022. Fyrstu níu viðtölin hefðu verið hjá F, fyrrum forstöðumanni Barnahúss, en sálfræðingurinn hefði tekið við er F hvarf til annarra starfa. Viðtölin hefðu gengið vel og brotapoli verið einlæg og opinská. Hún hafi sýnt fræðslu áhuga og náð að tileinka sér vel þau bjargráð sem henni hafi verið kennd til að takast á við vanlíðan og áfallastreitueinkenni. Hún hafi verið samkvæm

sjálfri sér og líðan hennar hafi verið í tengslum við það sem þekkt sé meðal þolenda kynferðisofbeldis, sérstaklega þar sem ofbeldið sé framið af aðila sem gegni uppeldishlutverki þeirra, en í slíkum tilvikum séu afleiðingar almennt alvarlegri. Svo virðist sem brotápoli hafi komist í kynni við kynferðislegar athafnir löngu áður en hún hafi haft þroska til að takast á við slíkt og það geti haft áhrif á tengslamyndun til framtíðar lítið. Börn sem verði fyrir kynferðisbrotum á þeim aldri sem brotápoli hafi verið á þegar ætluð brot hafi átt sér stað geti vegna vanþekkingar á því sem hafi átt sér stað upplifað að þeim finnst þau hafa samþykkt ætluð brot og verið sjálfviljugir þátttakendur í kynferðislegum athöfnum með fullorðnum aðila. Þessar tilfinningar séu enn líklegri ef sá aðili sem brýtur gegn barninu er nátengdur því. Að vinna úr slíkum tilfinningum sé gjarnan meginviðfangsefni í meðferð fullþroska einstaklinga sem upplifað hafa kynferðisofbeldi í æsku. Þegar meintur gerandi kemur úr nærumhverfi barnsins geti afleiðingar oft orðið alvarlegri þar sem meiri sjálfsásakanir, skömm og sektarkennd komi gjarnan fram síðar meir, með auknum þroska og þekkingu. Brot umönnunaraðila barnsins gegn því þýði mikinn trúnaðarþrest í samskiptum og hafi í för með sér að viðhorf til samfélagsins og fjölskyldu raskist. Þegar um svo náin tengsl sé að ræða geti meðferð tekið mun lengri tíma en almennt sé gert ráð fyrir, auk þess sem meiri líkur séu á að viðkomandi þurfi á frekari fagaðstoð að halda á ýmsum þroskaskeiðum lífs síns. Samband brotáþola við móður sína, sem hún hafi búið hjá allt sitt líf, hafi rofnað í kjölfar þess að hún hafi sagt frá meintu kynferðisofbeldi þar sem hún hafi ekki talið hana vera styðjandi. Áhrif þess á líðan brotáþola séu gríðarleg og auki vanlíðan hennar.

Brotápoli hafi lýst því að ákærði hafi byrjað að beita hana kynferðisofbeldi stuttu eftir að hann og móðir hennar hófu samband, eða árið [...] þegar hún var [...] ára. Hann hefði oft verið með klám í gangi þegar hann hefði verið að brjóta á henni, en mest hefði verið um „teen klám“. Hann hefði brotið á henni um tvisvar sinnum í viku að meðaltali, allt til ársins [...], þegar hún hefði verið [...] ára. Stundum hefðu verið tímabil þar sem ekkert hefði gerst en stundum hefði þetta gerst jafnvel oft en tvisvar í viku. Brotápoli hefði samkvæmt því stöðugt mátt eiga von á því að ákærði leitaði á hana með kynferðislegum hætti og því búið við afar mikið óöryggi á heimili sínu. Hún hefði lýst því að meint brot hefðu einungis átt sér stað á sameiginlegu heimili þeirra en aldrei á öðrum stöðum. Hún hefði einnig greint frá atvikum inni á baðherbergi heimilisins, en þeim brotum hefði hún ekki greint frá í skýrslutöku í Barnahúsi. Í fyrsta sinn sem slíkt brot hefði átt sér stað hefði ákærði verið í baði og beðið hana að koma með vatn fyrir sig sem hún hefði gert. Þá hefði hann beðið hana að koma ofan í baðkarið til sín með orðunum: „Viltu ekki koma ofan í? Við getum haft það kósý og horft á mynd.“ Hún hefði farið ofan í baðkarið og sest fyrir framan hann. Hann hefði svo farið að snerta á henni kynfærin og sett fingur inn í þau og einnig látið hana snerta kynfæri sín. Hún hefði lýst því með handahreyfingum hvernig það hefði átt sér stað. Hún segði hann hafa látið hönd sína á getnaðarliminn á sér

og látið hana hreyfa upp og niður. Hún segði sambærileg atvik hafa átt sér stað ítrekað eftir þetta og oftast hefði ákærði verið að horfa á klámefni á meðan. Þá hefði ákærði bannað henni að læsa þegar hún hefði farið í bað. Þá hefði stundum komið fyrir að ákærði hefði látið stól við hliðina á baðkarinu og farið að horfa á klám á meðan hann hefði strokið á henni kynfærin og fiktað í henni með því að setja höndina ofan í baðið. Ákærði hefði í mörg skipti sett fingur í leggöng hennar og oft látið hana „runka“ sér. Í eitt skipti hefði ákærði viljað setja getnaðarlim sinn í munn hennar. Hann hefði gert það og þegar hún hefði sagt að henni þætti þetta ógeðslegt á bragðið hefði hann farið og sótt rjómasprautu og látið hana sleikja rjómann af getnaðarlimnum á sér. Henni hefði þótt það mjög ógeðfellt og spýtt rjómanum á hann. Brotapoli hefði hálfkúgast þegar hún hefði greint frá atvikinu. Brotapoli segði að ákærði hefði oft „sleikt sig þarna niðri“ og bent á kynfæri sín. Hann hefði einnig stundum strokið getnaðarlimnum á sér upp við kynfæri hennar en aldrei sett hann inn í þau. Hún segði einnig að móðir hennar hefði einu sinni verið viðstödd inni í svefnherbergi þeirra ákærða og ákærði hefði verið að tala við hana á meðan hann hefði verið að káfa á kynfærum hennar undir sæng og látið hana fróa sér. Hún hefði það sterklega á tilfinningunni að móðir hennar hefði vitað hvað væri í gangi en hún viti það þó ekki. Jafnframt hefði brotapoli greint frá því að ákærði og móðir hennar hefðu „gert það“ með hana í rúminu. Í eitt skipti hefði hún verið að leita að mynd af sér í síma ákærða og hefði þá séð myndir af kynferðislegum toga af honum og móður sinni. Ákærði hefði oft gengið um á nærbuxunum þegar vinkonur hennar hefðu verið í heimsókn og þeim hefði þótt það óþægilegt. Þá hefði hann einu sinni, þegar hún hefði verið um [...] ára, verið að kitla hana og vinkonu hennar og farið að slá þær í rassinn með spaða og hún hefði tekið eftir því að hann hefði fengið standþínu.

Brotapoli hafi greint frá mikilli neyslu á æskuheimili sínu sem hafi aukist þegar faðir hennar hefði verið [...]. Þá hafi hún lýst vanrækslu og skorti á aga. Áður en hún hafi sagt frá hafi hún verið komin í slæman félagsskap, [...] og sýnt almennt erfiða áhættu hegðun. Þetta sé ekki til staðar í dag og því telji sálfræðingurinn að óhætt sé að tengja þessa erfiðu hegðun beint við vanlíðan vegna þess að hún hafi verið að byrgja inni erfiðar minningar og tilfinningar.

Brotapoli uppfylli [Heilsufarsupplýsingar].

Viðtölum í Barnahúsi sé ekki lokið og muni þau halda áfram um óákveðinn tíma auk þess sem ekki sé útilokað að stúlkan A þurfi á fagaðstoð að halda síðar á lífsleiðinni til að takast á við afleiðingar þeirra alvarlegu brota sem hún hafi greint frá á mjög sannfærandi og trúverðugan hátt, enda hafi ekkert komið fram í viðtölum sem kasti rýrð á frásögn hennar af meintum kynferðisbrotum og afleiðingum þeirra.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa byrjað í sambandi með móður brotaþola haustið [...]. Hún hefði flutt til hans í [...] um haustið [...] ásamt [...]. Á þeim tíma hefði hann unnið mikið við að [...]. Hann hefði unnið frá morgni til kvölds við undirbúning og þau hefðu bara haft einn bíl til umráða þannig að móðir brotaþola hefði oft sótt hann seint á kvöldin. Á sama tíma hefði hann líka [...]. Eftir [...] hefði hann unnið við [...] og oft unnið til miðnættis. Móðir brotaþola hefði þá starfað fyrir G og sem [...] en fljótlega tekið við sem [...] og þá hefði hún unnið meira heima. Hann hefði í raun ekki verið mikið heima árin [...]. Börnin hefðu gist hjá [...] sinni aðra hverja helgi. Þá hefðu þau stundum gist með vinum sínum. Hann myndi ekki til þess að neitt hefði komið upp á þegar vinkonur gistu hjá brotaþola. Brotaþoli hefði staðið ágætlega félagslega. Einhver vandamál hefðu komið upp og um tíma hefðu þau haft áhyggjur af því að hún væri ekki í nógu góðum félagsskap. Hún hefði byrjað að veipa og reynt að koma ábyrgðinni af því yfir á aðra. Hann hefði átt gott samband við brotaþola. Þau hefðu náð vel saman og hún hefði verið hress og orkumikil. Hún hefði æft [...] og einnig prófað [...] og stundað æfingar nokkrum sinnum í viku þar til hún hefði hætt [...]. Hann hefði stundum hjálpað henni að læra og hún hefði hjálpað til á heimilinu.

Ákærði neitaði því alfarið að nokkuð hefði gerst af því sem honum væri gefið að sök í málinu. Hann taldi sig ekki hafa verið mikið einan með brotaþola. Hann kannaðist við að brotaþoli hefði stundum gist í rúminu móður sinnar megin ef henni leið illa meðan móðir hennar var í [...]. Þau hefðu einnig stundum horft á sjónvarpsþætti í rúminu, en þá hefðu þau verið með púða eða borðspil á milli sem þau hefðu sett tölvuna á. Móðir brotaþola hefði stundum verið með. Hann hefði aldrei farið í bað með brotaþola. Stundum hefðu einhverjir verið á sama tíma og hann inni á baði en börnin og móðir þeirra hefðu ekki læst dyrunum þegar þau hefðu verið í baði. Opið væri á milli [...] og þangað hefði verið hægt að fara á klósett þegar einhver hefði verið í baði. Hann hefði gert það en þeim hinum hefði þótt það óþægilegra. Hann hefði sjálfur haft lokað inn á baðið en ekki læst. Hann taldi að einhverju sinni hefði brotaþoli gengið inn á hann nakinn í baði en vissi ekki til þess að hún hefði séð hann nakinn við önnur tilefni. Hún hefði þó einu sinni gengið inn á hann og móður hennar, annað hvort [...] eða [...], en hann var ekki viss um að hún hefði séð neitt. Hann kvaðst ekki vita til þess að brotaþoli hefði getað séð klám á heimilinu. Brotaþoli hefði stundum beðið þau móður sína að koma til sín fyrir nóttina. Þau hefðu farið til hennar, spjallað aðeins og boðið góða nótt. Brotaþoli hefði stundum beðið hann um að koma, stundum móður sína og stundum þau bæði. Hann hefði aldrei upplifað að hún forðaðist hann. Þau hefðu til dæmis bakað og eldað saman. Mest hefðu þau verið saman [...] og [...] en þá hefði hann unnið skrifstofustarf og verið mikið heima á kvöldin og um helgar.

Faðir brotaþola hefði [...] í lok ágúst [...]. Um svipað leyti hefði móðir brotaþola farið þangað í [...]. Hún hefði verið nokkur tímabil og það lengsta fyrst og hún hefði

komið [...]. Á meðan hefðu brotápoli og [...] verið að mestu leyti hjá föður sínum. Þau hefðu verið þar í 10 daga en svo komið til hans í fjóra daga. Eftir fyrstu [...] hefði móðir brotáþola farið [...].

Ákærði taldi áfengisneyslu á heimilinu hafa verið eðlilega. Þau hefðu drukkið nokkur skipti í mánuði en móðir brotáþola hefði drukkið meira en hann. Ekki hefði verið um fíkniefnaneyslu að ræða. Það hefði komið fyrir að drukkið hefði verið á heimilinu meðan börnin voru heima. Það hefði verið þröngt um þau í íbúðinni, en þau hefðu upphaflega ekki ætlað sér að vera lengi þar og hefðu verið að safna fyrir stærra húsnæði.

Hann kvað börnin hafa haft samband við föður sinn meðan hann var [...]. [...] brotáþola hefði verið í miklu sambandi við hann en [...] hefði hringt í hann nær daglega [...].[...] hefði þó stundum liðið illa yfir samskiptunum. Á sama tíma hefði [...] tekið honum illa. Samband þeirra hefði skánað með tímanum en aldrei orðið náíð. Brotápoli hefði ekki talað jafn mikið við föður sinn. Hún hefði líka stundum neitað að fara til hans. Samskipti hans og móður barnanna við föður þeirra hefðu stundum verið í lagi en hann hefði þó tekið brjálæðisköst nokkrum sinnum á ári sem hefðu yfirleitt beinst að móðurinni. Þá hefði ýmislegt komið upp á. Þegar[...] hefði [...] mætt [...] með kærustu sinni. Hann hefði síðan tekið [...] en orðið brjáláður þegar þau hefðu spurt um það. Fleiri atvik hefðu komið upp í samskiptum þeirra. Ákærði hefði t.d. verið ósáttur við að vera ekki einn með börnin þegar móðir þeirra hefði farið [...]. Þá hefði hann einhverju sinni sagst hafa keypt utanlandsferð fyrir börnin en þegar þau hefðu komið með börnin og ferðatöskurnar hefði komið í ljós að það væri engin ferð. Haustið áður en málið hefði komið upp hefði faðir barnanna viljað flytja með þau til [...], en þau hefðu verið mótfallin því. Hann hefði þá „snappað“ og sagst ætla að taka börnin af móður þeirra.

Ákærði lýsti því að rétt áður en málið hefði komið upp í [...] 2021 hefði komið upp atvik í skólanum hjá brotáþola. Skólinn hefði haft samband við hann og móður brotáþola, en ekki föður hennar. Brotápoli og móðir hennar hefðu haft áhyggjur af því að skólinn hefði ekki látið föður brotáþola vita og óttast að gera það. Hann hefði því verið beðinn um að sjá um það. Viðbrögðin hefðu verið þannig að faðir brotáþola hefði „sturlast“ og hóttað öllu illu. Hann hefði sagt við ákærða að hann væri ekki að fara að koma í föðurstað hjá börnunum og hann ætlaði að sjá til þess. Þau móðir brotáþola hefðu þurft að vinna næstu daga og ekki getað verið heima með brotáþola. Faðir hennar hefði viljað að hún kæmi til sín og þau hefðu fallist á það. Í framhaldinu hefði málið komið upp.

Ákærði kvaðst ekki hafa skýringar á því af hverju þetta mál hefði komið upp. Frá því að það hefði gerst hefði faðir brotáþola hóttað honum, foreldrum hans og vinum. Hann hefði hóttað sér lífláti eða að fara illa með hann ef hann myndi ekki gangast við ásökunum í málinu. Hann hefði einnig ráðist á [...] . Faðir brotáþola hefði gengið á milli fólks og fyrirtækja og sýnt rannsóknargögn. Eftir þetta gæti ákærði ekki fengið [...]. Þá hefði

hann orðið fyrir líkamsárás af hálfu bróður brotáþola og vinar hans. Þeir hefðu ráðist á hann fyrir utan [...]. Í framhaldinu hefðu þeir [...] og kallað hann öllum illum nöfnum. Það væri gjörsamlega búið að eyðileggja mannorð hans. Af þessum sökum þyrði ákærði ekki lengur að fara út úr húsi. Hann hefði ekki gist á sama staðnum lengur en einn mánuð frá því að málið hefði komið upp. Hann hefði þurft að fá nálgunarbann á [...]. Hann vissi líka að faðir brotáþola hefði gert ýmislegt misjafnt í fortíðinni. Þá hefði sambandi hans og móður brotáþola lokið þegar málið hefði komið upp.

Brotáþoli A kvaðst hafa flutt inn til ákærða með móður sinni og [...] árið [...]. Skömmu eftir að þau hefðu flutt inn hefði hann byrjað að misnota hana. Hún hefði verið [...] í upphafi og þetta hefði staðið til [...] ára aldurs hennar. Þetta hefði byrjað þegar hún hefði verið að máta kjóla af móður sinni og ákærði hefði sagt henni að koma upp í rúm til sín. Þar hefði hann farið að snerta hana. Þetta hefði síðan gerst oft. Hann hefði einnig farið að sleikja einkastaðinn hennar. Í eitt skipti hefði hann beðið hana um að sleikja sig. Hann hefði látið hana prófa en henni hefði fundist það ógeðslegt. Hann hefði þá farið og sótt rjóma. Þegar hún hefði enn ekki viljað það hefði hann látið þar við sitja. Ákærði hefði einnig sett fingur inn í leggöng hennar og strokið getnaðarlim sínum við einkastaðinn hennar. Þetta hefði alltaf gerst á heimilinu, stundum á sófanum og stundum í rúminu. Ákærði hefði iðulega sett klámefni á þar sem hefði mátt sjá gamla menn með unglingsstúlkum. Ákærði hefði jafnframt einhvern tímann verið í baði og látið hana koma ofan í, auk þess sem hann hefði snert hana þegar hún var í baði. Þá hefði hann komið inn í herbergið hennar á kvöldin þegar hún hefði verið að fara að sofa. Hún hefði stundum átt erfitt með að sofna og beðið móður sína um að koma en hún hefði sent ákærða. Brotáþoli hefði að lokum hætt að biðja hana um að koma. Ákærði hefði einu sinni sagt við hana að hún ætti ekki að tala um þetta. Brotáþoli kvað móður sína stundum hafa verið á heimilinu þegar þessi atvik hefðu átt sér stað og stundum bróðir hennar. Bróðir hennar hefði þá verið inni í herbergi með heyrnartól í tölvuleik. Stundum hefði móðir hennar verið með vinkonu í heimsókn og þau ákærði inni í herbergi að horfa á mynd og hann þá verið að snerta hana. Stundum hefði móðir hennar verið með þeim að horfa á eitthvað. Hún vissi ekki til þess að móðir hennar hefði orðið vör við neitt. Föður hennar hefði grunað að ákærði væri að brjóta gegn henni vegna þess að hann hefði hringt þegar ákærði hefði verið inni á baði með henni. Hún hefði stundum kallað á móður sína þegar hún hefði verið í baði en móðir hennar sent ákærða.

Hún hefði í upphafi deilt svefnherbergi með bróður sínum en þegar hún hefði verið um [...] ára hefði verið útbúið herbergi fyrir hana í stofunni. Móðir hennar hefði stundum verið farin í rúmið þegar ákærði hefði komið og brotið á henni. Ákærði hefði stundum fengið sáðlát og þá yfir magann á henni en það hefði bara gerst í hjónaherberginu. Hann hefði svo þrifið það af með handlæði eða bol sem hann hefði fundið á rúminu og sett það í óhreina tauið. Ákærði hefði lokað dyrunum inn til þeirra en það

heyrðist þegar dyrnar væru opnaðar. Eitt skipti hefði móðir hennar verið farin í vinnu og ákærði verið að snerta hana í rúminu þegar móðir hennar hefði komið til baka þar sem hún hefði gleymt einhverju. Hún hefði nefnt það að fara ekki í vinnuna en ákærði hefði sagt henni að fara. Þau hefðu þá legið á hlið og hann hefði verið með getnaðarliminn á milli læranna á henni og hreyft sig. Enginn annar hefði verið á heimilinu þegar hún hefði farið ofan í baðið til ákærða. Hann hefði stundum kallað á hana og beðið hana að koma með vatn að drekka. Hann hefði þá spurt hana hvort hún vildi ekki koma ofan í og hún hefði ekki þorað að segja nei. Þá hefði hann farið að snerta hana. Ákærði hefði einu sinni tekið mynd af einkastaðnum hennar til að sýna henni hvernig hún gæti sett skaft á hárbursta þangað upp. Hún hefði beðið hann um að eyða myndinni og séð hann gera það.

Brotapoli kvaðst mikið hafa verið með vinkonum sínum á þessum tíma því hún hefði ekki viljað vera ein heima og þær hefðu stundum gist. Þá hefði hún æft [...]. D, vinkona hennar, hefði sagt að henni fyndist óþægilegt að ákærði gengi um á nærbuxunum um miðjan dag. Þá hefði hann verið með opnar dyr þegar hann hefði farið að pissa. H, vinkona hennar, hefði líka orðið vitni að þessu og einu sinni þegar ákærði hefði verið að kitla þær tvær hefði hann fengið standpínu á meðan. Hann hefði þá verið á nærbuxunum um miðjan dag og þær hefðu greinilega séð þetta. Brotapoli kvaðst einu sinni hafa sagt D, [...], frá því sem hefði verið að gerast. Hún myndi ekki alveg hvað hún hefði sagt, eitthvað um að sér liði illa og einhver væri að snerta hana. Þegar D hefði spurt hana um þetta síðar hefði hún hins vegar sagt að hún hefði verið að grínast. Hún hefði svo sagt D frá því í desember [...] að ákærði hefði verið að misnota hana og einnig sagt I, vinkonu sinni, það í janúar [...] án þess þó að nefna ákærða í því sambandi. Hún hefði svo sagt H, vinkonu sinni, frá þessu eftir að hún hefði sagt föður sínum frá.

Brotapoli kvaðst hafa reynt að halda öllu eðlilegu fyrir utan þetta. Hún hefði náð að tengjast ákærða í upphafi en svo hefðu brot hans gegn henni byrjað. [...] hennar hefði hins vegar aldrei líkað við ákærða. Ákærði hefði breytt móður þeirra og verið leiðinlegur og ekki mikið með þeim. Mikil drykkja hefði verið á heimilinu, sérstaklega hjá móður þeirra. [...] hefðu búið hinum megin í húsinu og [...]. Brotapoli hefði stundum farið þangað á klósettið. Hún hefði verið mikið ein heima með ákærða þar sem móðir hennar hefði verið mikið fjarverandi vegna vinnu. Ákærði hefði hins vegar unnið heima. Faðir hennar hefði verið í [...] í [...] frá því hún var [...] þar til í ágúst [...]. Hún hefði átt gott samband við föður sinn en lítið þekkt hann. Þá hefði hún hræðst hann þar sem hann hefði verið í neyslu. Hann hefði svo flutt til [...] árið [...] og orðið edrú og hún hefði farið að tala meira við hann eftir það. Brotapoli kvaðst telja að ákærði hefði látið af háttsemi sinni í byrjun árs [...] vegna þess að [...] og barnavernd hefði komið inn í málið.

Í byrjun febrúar [...] hefði hún tekið [...]. Föður hennar hefði þótt það skrytið og farið að spyrja hana hvort væri ekki allt í lagi hjá henni. Hún hefði þá sagt honum hvað hefði gerst. Hún hefði áður beðið móður sína um að finna sálfræðing fyrir sig, áður

en faðir hennar hefði komið [...]. Hún hefði ekki þorað að segja móður sinni frá og sagt að þetta væri eitthvað sem hún gæti ekki sagt við hana.

Brotapoli greindi frá líðan sinni. Hún búi hjá föður sínum í dag og gangi vel. Henni væri þó búið að líða hörmulega. Hún hefði farið að [...] Þá hefði hún [...] og [...]. Hún væri að hitta sálfræðing í [...] og þar hefði verið unnið með þetta. Hún væri ennþá í viðtölum, ætti erfitt með svefn og [...]. Hún væri ekki í miklu sambandi við móður sína. Móðir hennar drykki mikið og hefði ekki verið til staðar fyrir sig þegar málið hefði komið upp. Brotapola liði illa út af þessu. Hún taldi að faðir sinn hefði ekki haft áhrif á samskiptin við móður sína. Hann talaði þó ekki vel um hana og segði hana hafa hóttað sér þegar hann hefði verið [...] á þá leið að hann myndi ekki fá að sjá börnin aftur. Hún kannaðist við að faðir hennar hefði viljað flytja með þau systkinin til [...], en [...] væri þaðan. Hún teldi að það hefði þó bara átt að vera yfir sumar.

Móðir brotapola, J, kvaðst hafa kynnst ákærða [...]. Ári síðar hefði hún flutt inn til hans [...]. Þau hefðu verið í lítilli íbúð sem hefði verið [...]. Til að byrja með hefðu börnin verið saman í herbergi en síðan hefðu þau stúkað af herbergi inni í stofu fyrir brotapola. Íbúðin hefði í raun verið of lítil, líklega um 70 m², en til hefði staðið að flytja í stærra húsnæði. Hún sagði þau ákærða bæði hafa verið í vinnu og heimilislífið gengið eðlilega fyrir sig. Þeim hefði þótt gott að fá sér áfengi um helgar og það hefði komið fyrir að börnin væru þá heima. Þau hefðu aðallega drukkið rauðvín og hvítvín en ekki neytt annarra vímuefna. Hún hefði drukkið meira en ákærði.

Samband ákærða við [...] hennar hefði ekki verið sérlega gott. [...] hennar hefði verið orðinn [...] og ákærði hefði reynt að ala hann upp. Það hefði ekki gengið. Ákærði og brotapoli hefðu hins vegar verið bestu vinir og það hefði stundum verið mikið fjör hjá þeim. Faðir barnanna hefði komið til landsins eftir dvöl í [...] í ágúst [...]. Hann hefði ekki verið með eigið húsnæði til að byrja með og ekki hefði verið regla á umgengni hans við börnin. Hún hefði farið [...] og verið um [...] í burtu í senn og svo komið heim í einhvern tíma. Hún hefði komið endanlega heim um [...]. Meðan á [...] hefði staðið hefði hún viljað að börnin færu a.m.k. aðra hverja helgi heim til ákærða þar sem henni hefði ekki fundist faðir barnanna vera stöðugur. Það hefði hins vegar verið meiri tími þar sem hann hefði tekið börnin aukalega þegar faðir þeirra hefði verið að fara eitthvað. Vitnið lýsti því að breyting hefði orðið til batnaðar hjá föður barnanna en ýmislegt hefði gengið á hjá honum. Hún kannaðist við að atvik hefði orðið á heimili hans þar sem [...] hefði verið kölluð til. Einhver hefði verið [...] og [...] hefði [...] heimilinu. Þá kvað hún hann oft hafa hóttað sér lífláti og hóttað því að taka af henni börnin. Hann hefði einnig hóttað ákærða.

Vitnið greindi frá störfum sínum og ákærða á þessum árum. Hún hefði unnið mikið heima og ákærði hefði oft unnið frameftir. Hún hefði oft sótt hann um miðnætti. Engu að síður taldi hún að ákærði hefði oft verið einn með brotapola. Þau hefðu gjarnan

horft saman á bíómyndir eða þætti. Þá hefðu þau verið uppi í rúmi með tölvuna á milli sín. Ákærði hefði átt það til að sofna. Þá hefði brotaþoli gjarnan kallað á þau þegar hún hefði farið að sofa og jafnvel meira á ákærða. Hún hefði talið að það væri vegna þess að hann væri þolinmóðari en hún. Spurð um baðvenjur á heimilinu kvað hún brotaþola oft hafa haft dyrnar opnar þegar hún hefði verið yngri. Hún hefði viljað fá að drekka, láta rétta sér handklæði o.fl. Hún hefði oft kallað á þau og meira á ákærða þar sem hann hefði verið viljugri til að standa upp. Hún minntist þess að brotaþoli hefði einhverju sinni verið í sundbol í baðinu þegar hún hefði viljað sýna þeim baðbombu. Þá hefði ákærði einnig haft ólæst eða hallað hurðinni þegar hann hefði farið í bað. Vitnið kannaðist við að brotaþoli hefði mikið gist með vinkonum. Hún hefði aldrei heyrt af neinum uppákomum tengdum vinkonunum. Aðspurð sagðist hún ekki vita til þess að brotaþoli hefði getað séð klám á heimilinu. Sérstaklega spurð kvaðst hún aldrei hafa orðið þess vör að brotaþoli forðaðist ákærða, þau hefðu virst vera góðir vinir og gert margt saman, eins og að baka og elda. Spurð hver hefði séð um þvottinn á heimilinu kvað hún þau ákærða bæði hafa gert það. Spurð hvort hún hefði séð klístur í bolum og handklæðum taldi hún að það gæti verið en hún hefði þá talið að ákærði hefði verið einn að gamna sér. Hún gat þó ekkert sagt til um hvenær eða hversu oft það hefði verið.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vör við neitt óeðlilegt milli ákærða og brotaþola. Þegar hún hefði reynt að rifja upp hvort eitthvað hefði gerst hefði hún munað eftir því að hafa einu sinni komið inn í svefnherbergi þar sem ákærði og brotaþoli hefðu verið undir sæng að horfa á mynd og það hefðu verið snögggar hreyfingar eins og þeim hefði brugðið mikið. Hún myndi ekki hvar tölvan hefði verið en hún hefði alltaf verið á milli þeirra þegar þau hefðu horft á mynd. Hún taldi að ákærði og brotaþoli hefðu þá verið hvort með sína sængina.

Vitnið kvaðst muna til þess að brotaþoli hefði einhvern tímann beðið um að fá að tala við sálfræðing. Þetta hefði líklega verið [...]. Brotaþoli hefði þá sagst halda að hún væri með ADHD. Bæði vitnið sjálft og sonur hennar væru með það svo henni hefði fundist geta verið að brotaþoli væri með það líka. Hún hefði ætlað að finna sálfræðing en ekki hefði orðið af því og henni hefði ekki fundist liggja á því.

Vitnið sagði að rétt áður en málið kom upp hefði brotaþoli verið tekin með [...] í [...]. Þau ákærði hefðu verið kölluð á fund og brotaþola hefði verið [...]. Faðir brotaþola hefði ekki fengið tilkynningu frá [...] um þetta og hann hefði reiðst mikið, öskrað og sagt ljóta hluti. Aðspurð kvaðst hún ekki muna hvort hann hefði verið með hótanir, en hann hefði hótað sér svo oft að hún reyndi að muna það ekki. Hann hótaði yfirleitt þegar honum mislíkaði eitthvað. Þau ákærði hefðu bæði þurft að fara til vinnu og hefðu því beðið föður brotaþola um að hafa brotaþola yfir daginn og láta hana læra. Brotaþoli hefði þó beðið um að fara ekki heldur að ákærði yrði heima með henni. Það hefði þó ekki gengið og fyrsta daginn sem brotaþoli hefði verið heima hjá föður sínum hefði hún sagt

frá. Faðir hennar hefði pantað tíma í Foreldrahúsi og tilkynnt sér að brotapolí væri með [...] og kæmi því ekki heim.

Vitnið kvað [...] ekki í sambandi við sig í dag en faðir þeirra segði henni að þetta væri henni að kenna. Hann hefði ekki gert neitt til að breyta stöðunni. Hún taldi að samskipti barnanna við föður þeirra hefðu verið ágæt nema hann hefði átt það til að æsa sig mikið við [...]. Þá hefðu komið upp atvik eins og þegar hann hefði stolið fermingarpeningum [...] og hann hefði tvisvar ætlað með börnin til útlanda en þá hefði komið í ljós að engir miðar hefðu verið keyptir. Samband brotapóla við föður hennar hefði ekki verið mikið. Hann hefði komið til landsins í ágúst [...] og farið aftur til útlanda [...]. Brotapóli hefði einu sinni sagt að hún þekkti hann ekki. Sonur þeirra hefði hins vegar átt meira samband við hann og hefði beðið eftir að faðir hans kæmi [...]. Sú hugmynd hefði komið upp hjá föður barnanna að flytja til [...]. Vitnið kvaðst ekki muna hvenær þetta hefði verið. Brotapóli hefði sagt henni að hún vildi ekki fara. Hún hefði sjálf ekki viljað standa í vegi barnanna en hefði talið rétt að þau kláruðu grunnskólann. Hún hefði lýst þessari skoðun sinni við föður barnanna en þau hefðu ekki rætt þetta ítarlega. Hún kvaðst helst vilja að þau foreldrarnir gætu verið vinir en faðir barnanna hefði síðast hóttað sér sl. haust. Þá hefði hann sagt að ef hún myndi ekki drepa ákærða myndi hann drepa þau bæði.

Vitnið taldi að brotapolí hefði orðið kynþroska [...] ára. Hún taldi að líðan hennar hefði að mestu leyti verið góð en hún hefði verið að komast á unglingsárin með öllu sem því fylgdi. Faðir brotapóla hefði þó einu sinni nefnt, líklega árið 2020, að honum fyndist brotapolí þung í skapi.

[...] *brotapóla*, M, kvað málið hafa byrjað þegar þau hefðu flutt inn til ákærða í [...]. Þar hefði allt verið mjög skrytið. Ákærði hefði verið inni á baði hjá systur hans og hún í sundbol í baði. Hann treysti sér þó ekki til að segja til um á hvaða tíma það hefði verið. Þá hefði ákærði sofið nær allar nætur hjá brotapolá eða hún hjá honum. Brotapóli hefði ekki beðið um það. Vitnið hefði stundum séð þetta þegar hann hefði verið að fá sér að borða á nóttunni og hann hefði einnig séð þau vera að horfa saman á bíómyndir. Enginn hefði vitað hvar móðir hans væri, en hún hefði mikið verið á fyllerí eða úti að skemmta sér. Móðir hans væri [...] og drykki vín og bjór. Hann vissi frá föður sínum að hún væri [...]. Ákærði hefði líka drukkið en mest heima. Hann kvaðst ekki hafa vitað hvað þau hefðu unnið við en þó vitað að ákærði væri að [...]. Hann hefði engu að síður verið mun meira heima en í burtu. Samband ákærða og brotapóla hefði verið skrytið en hann vissi ekki hvort þau hefði verið mikið tvö ein. Hann hefði þó ekki séð hvað hefði gerst upp í rúmi og ekki vitað neitt. Ákærði hefði gert allt fyrir brotapolá en ekkert fyrir sig. [...] hefði alltaf þurft að bjarga sér [...]. Ákærði hefði nær alltaf gengið um bara á nærbuxunum en þó stundum verið í bol. Íbúðin þeirra hefði verið mjög lítil og algjör ruslahaugur.

Vitnið kvaðst hafa verið í meiri samskiptum við [...] en brotapolí því [...] væri [...]. Það væri því skiljanlegt ef brotapolí hefði verið smeyk við hann. Hann kvaðst sjálfur hafa „hatað“ ákærða frá fyrsta degi en hann hefði aldrei komið vel fram við sig. Hann hefði ekki verið [...] og honum hefði ekki liðið vel yfir því. Hann hefði verið að skipta sér af honum, banna honum hluti eða segja honum hvað hann ætti að gera. Vitnið lýsti því að brotapolá hefði liðið illa og hefði síðast fyrir tveimur vikum [...]. Þá hefði hún verið mjög pirruð skömmu áður en hún hefði sagt frá. Vitnið hefði ekki hitt móður sína í u.þ.b. ár.

Faðir brotapolá, B, greindi frá því að hann hefði átt samtal við brotapolá 3. febrúar [...] þar sem hann hefði verið ósáttur við að hún hefði tekið [...] með sér í [...]. Henni hefði verið [...] úr [...]. Hann hefði ekki verið að vinna og hún því átt að vera heima hjá honum yfir daginn að læra. Honum hefði þótt hegðun hennar furðuleg og því spurt hana hvort einhver hefði gert eitthvað við hana. Hann hefði spurt sérstaklega um alls konar menn og endað á ákærða en þá hefði brotapolí kinkað kolli. Hann hefði í kjölfarið sent móður brotapolá og ákærða skilaboð um að að brotapolí væri komin með [...] og hefði einnig bókað tíma í Foreldrahúsi. Þar hefði brotapolí greint frá brotum og hann hefði í kjölfarið látið móður brotapolá vita. Hún hefði komið og C, vinkona hennar. Síðan hefði lögreglan komið heim til hans og rætt við brotapolá. Hann vissi einungis það sem hann hefði lesið í skýrslum. Þá hefði sálfræðingur hennar sagt honum að þetta væri „hrikalegasta mál sem hún hefði séð á 20 ára ferli sínum“.

Vitnið greindi frá því að þegar hann hefði verið í [...] árið [...] hefði hann hringt heim og rætt við [...]. Hann hefði einnig viljað ræða við dóttur sína, en [...] hefði sagt að hún væri í baði. Hann hefði heyrt karlmannsrödd hjá henni og fundist það furðulegt. Hann hefði þá spurt hvort ákærði væri inni hjá henni. Honum hefði ekki fundist rétt að ákærði væri inni á baði hjá [...] ára stúlku, jafnvel þótt dyrnar hefðu verið opnar, og hefði því hringt í móður hennar og sagt henni að ákærði ætti ekki að vera þar inni, en hún hefði brugðist ókvæða við og hóttað því að koma ekki með börnin í [...]. Hann hefði verið áhyggjufullur þar sem hann hefði [...]. Þá hefði brotapolí oft sagt að hún væri uppi í rúmi með ákærða að horfa á myndir þegar hann hefði hringt.

Vitnið greindi frá því að hann hefði ekki verið sáttur við ákærða. Honum hefði þótt mjög furðulegt að hann hefði alltaf verið fyrstur á vettvang þegar eitthvað kæmi upp og færi á alla foreldrafundi. Hann hefði t.d. mætt í [...], en það hefði verið alveg óþarft. Ákærði hefði verið að „vernda sitt“. Þetta væri óvenjulegt fyrir mann sem væri nýbúinn að kynna [...] og með [...] á heimilinu sem þyldi hann ekki. Vitnið hefði í upphafi talið að þetta væri góður maður sem hugsaði vel um börnin. Hann hefði þakkað honum fyrir og talað vel um hann. Hann hefði hins vegar reiðst þegar ákærði hefði farið yfir mörkin og honum hefði fundist hann vera að taka yfir sem faðir barnanna. Nú skilji hann af hverju hann hafi gert þetta. Vitnið gekkst við því að hafa hóttað ákærða eftir að málið

kom upp. Hann hefði reiðst þegar málið með [...] hefði komið upp [...] hjá brotþola. Hann sé faðirinn en ákærði verði það aldrei. Hann hefði æst sig við ákærða en sent skilaboð sama dag og beðist afsökunar. Hann kvað ákærða hafa lýst honum sem hrotta. Vitnið kvaðst hins vegar hafa verið í [...] en aldrei hafa gerst sekur um ofbeldisbrot.

Þá lýsti hann því að móðir brotþola væri „dagdrykkjukona“ og hefði verið það í mörg ár. Hún neytti ekki fíkniefna. Hann hefði mest verið einn með börnin áður fyrr því hún hefði verið drukkin einhvers staðar. Eftir að málið hefði komið upp hefðu börnin ekki farið aftur til hennar. Þau vildu ekki vera hjá henni og lýstu því að hún hefði alltaf verið full. Þá hefði hún ekki sýnt tilfinningum brotþola nægilegt tillit þegar málið hefði komið upp og hann telji að taki afstöðu með ákærða.

Vitnið kvaðst hafa komið úr [...] í ágúst [...] og hefði þá [...] í nokkra mánuði þar til í ágúst [...] en hann hefði verið edrú frá þeim tíma. Hann hefði þá farið til [...] í sex mánuði til að rétta sig af. Hann hefði komið aftur [...]. Hann hefði átt að hafa börnin aðra hverja viku [...] en það hefði verið handahófskennt. Þegar móðir brotþola hefði farið til [...] hefðu börnin átt að vera hjá honum en hún hefði viljað hafa það viku og viku. Samið hefði verið um að börnin færu aðra hverja helgi til ákærða. Vitnið hefði verið í [...] þegar börnin hefðu ekki verið hjá honum og hefði [...] þrátt fyrir að þau væru hjá honum, en móðir brotþola og ákærði hefðu ekki vitað af því. Hann hefði síðan tekið sig á fyrir börnin. Frá upphafi árs [...] hefði hann verið í [...] og börnin stundum komið til hans þangað. Hann hefði komið í bæinn í lok árs [...] og þá hefðu börnin farið að vera meira hjá honum.

Vitnið lýsti líðan brotþola sem sveiflukenndri. Áður en hún hefði sagt frá hefði allt virst í góðu lagi þar til hún hefði farið með [...] í [...]. Það hefði verið út úr karakter. Ýmislegt hefði gengið á síðan og hún hefði þurft að leita hjálpar frá fagaðilum. Hún hefði leitað í [...] og [...]. Þá hefði hún [...]. Hann hefði talið það vera hætt en svo hefði það gerst á ný fyrir 2–3 vikum. Hann hefði frétt frá brotþola og móður hennar að rúmu ári fyrr hefði brotþoli óskað þess að hitta sálfræðing. Hann hefði hins vegar heyrt í skólanum að ekki hefði verið óskað eftir því þar. Það væri val brotþola að hitta ekki móður sína. Hann hefði sagt henni að henni væri frjálst að gera það. Henni liði hins vegar illa út af því hvernig móðir hennar væri og treysti sér ekki til að vera í samskiptum við hana. Brotþoli hefði áttað sig á „hlut móður sinnar“. Vitnið neitaði því að hafa hóttað því að taka börnin af móður brotþola.

Vitnið C kvað móður brotþola, sem væri vinkona sín, hafa hringt í sig í uppnámi og sagt eitthvað hræðilegt hafa komið upp á. Það hefði fyrst hvarflað að henni að einhver hefði látist en svo hefði henni dottið í hug að ákærði hefði gert brotþola eitthvað. Henni hefði dottið það í hug þar sem henni hefði fundist eitthvað við hann ekki rétt. Móðir brotþola hefði síðan greint frá því að faðir brotþola hefði hringt og sagt að ákærði hefði gert eitthvað. Vitnið kvaðst hafa farið í gríðarlegt uppnám og spurt hvað móðir brotþola

vissi og hvort hún ætti að koma. Hún hefði lítið vitað en vitnið hefði hringt í föður brotaþola og hann hefði viljað að hún kæmi. Hún hefði þekkingu í þessum málaflokki og hefði haft samband við lögreglumann sem hefði spurt hana um umfang málsins og sagt að tryggja þyrfti rannsóknarhagsmuni. Hún hefði farið í Foreldrahús þar sem faðir brotaþola hefði verið stjarfur á biðstofunni. Þau hefðu farið saman að „panikgráta“. Faðir brotaþola hefði sagt henni að [...] hefði haft samband vegna þess að brotaþoli hefði verið með [...]. Hann hefði þá farið að spyrja hana hvað væri í gangi og þá hefði komið í ljós að ákærði hefði misnotað hana kynferðislega. Móðir brotaþola svo komið fram úr viðtalsherbergi. Þeim hefði síðan verið sagt að ákærði hefði átt að hafa káfað á brotaþola en engin niðurstaða hefði fengist í hvað ætti að gera. Hún hefði boðist til að ræða við brotaþola vegna reynslu hennar í að tala við börn í þessum aðstæðum. Þau hefðu farið heim til föður brotaþola en móðir brotaþola hefði ekki treyst sér til að fara með. Hún hefði farið inn í herbergi til brotaþola sem hefði setið á rúminu og verið að horfa á eitthvað. Vitnið hefði haft formála að samtalinu eins og þegar hún talaði við börn og spurt brotaþola hvort hún væri tilbúin til að ræða málið við sig. Brotaþoli hefði játað því. Hún hefði lýst því að um hefði verið að ræða káf og munnmök. Ákærði hefði reynt að láta hana sleikja á sér getnaðarliminn, og hefði látið hana klemma saman lærin og sett getnaðarliminn á milli. Henni hefði þótt brotaþoli mjög trúverðug. Hún hefði grátið og virst vera létt en haft áhyggjur af viðbrögðum annarra. Vitnið hefði ekki spurt um nákvæmari lýsingar á atvikum. Hún hefði þó spurt brotaþola hvort teknar hefðu verið myndir. Brotaþoli hefði sagt að ákærði hefði tekið myndir af kynfærum hennar en eytt þeim. Þetta hefði átt að hafa byrjað fljótlega eftir að móðir hennar hóf samband við ákærða og hætt [...]. Vitnið hefði því næst hringt í lögreglumann sem hefði ráðlagt henni að hringja í 112. Móðir brotaþola hefði líka hringt og spurt hvað væri að gerast. Fulltrúi barnaverndar hefði komið á staðinn og þá hefði brotaþoli greint frá því að atburðirnir hefðu átt sér stað nokkrum sinnum í viku. Síðan hefði lögregla komið og tekið skýrslu og vitnið þá dregið sig í hlé. Móðir brotaþola hefði síðan komið og sótt brotaþola sem hefði þurft að móður sinni að halda.

Vitnið kvað alla hafa verið í áfalli en taldi að móðir brotaþola hefði ekki brugðist vel við. Hún hefði farið með brotaþola að borða og farið svo aftur með hana heim til föður síns. Vitnið hefði rætt við móður brotaþola daginn eftir sem hefði þá verið undir áhrifum áfengis. Hún hefði reynt að fá hana til að hugsa um dóttur sína. Hún hefði sagt að hún vissi ekkert hvað hefði gerst og að hana hefði ekki grunað neitt. Hún hefði þó verið búin að reyna að fá sálfræðing fyrir brotaþola en það hefði ekki gengið. Vitnið kvað þær móður brotaþola vera vinkonur frá æsku. Tengslin hefðu þó minnkað eftir að móðir brotaþola hefði farið að vera með föður hennar. Ýmislegt hefði verið í gangi og þau hefðu svo flutt til [...]. Þær hefðu þó heyrst reglulega og móðir brotaþola hefði flutt aftur til landsins [...]. Hún hefði þá verið í slæmu ástandi og vitnið hefði hjálpað henni að komast

að hjá sérfræðingum. Þær væru ekki í miklum samskiptum í dag, m.a. vegna atburða í lífi vitnisins, en vitnið taldi að þær væru enn vinkonur. Vitnið hefði nokkrum sinnum verið í sambandi við föður brotþola og þá fengið upplýsingar um brotþola. Vitnið kvaðst hafa kynnst föður brotþola á sama tíma og móður hennar. Hún vissi því um margt sem hefði gengið á hjá honum í gegnum árin, m.a. hvernig hann hefði brugðist börnunum og beitt móður þeirra ofbeldi. Hann hefði þó hugsað um brotþola og farið með hana í sálfræðitíma eftir að málið hefði komið upp. Vitnið taldi móður brotþola hafa orðið fyrir miklum áföllum og ekki hafa tekið vel á því. Hún hefði t.d. hitt fjölskyldu ákærða í boði eftir að málið kom upp en sér hefði mislíkað það. Hún hefði þó beðið hana um aðstoð við að finna sálfræðing og lögmann.

Vitnið D, vinkona brotþola, kvað brotþola hafa sagt sér frá atburðum í kringum [...]. Hún hefði þó ekki skilið hvað brotþoli ætti við. Hún hefði spurt hana um það ca. [...] en þá hefði brotþoli sagt að hún hefði verið að grínast. Svo hefði hún sagt aftur frá þessu í desember [...]. Hún hefði greint frá því að ákærði hefði nauðgað henni og misnotað. Hún hefði sagt það sama í bæði skiptin. Hún hefði þó ekki gefið nákvæma lýsingu á þessu. Hún hefði verið sár og líðið illa og vitnið hefði reynt að hugga hana. Þær hefðu verið saman inni í herbergi. Tvær aðrar vinkonur þeirra hefðu verið frammi en brotþoli hefði ekki sagt þeim frá þessu þá. Hún hefði verið með brotþola þegar hún hefði sagt annarri þeirra frá þessu seinna. Vitnið kvaðst stundum hafa verið heima hjá brotþola. Ákærði hefði oft verið á nærbuxunum fyrir framan þær og henni hefði þótt það skrýtið. Þá hefði hann haft dyrnar opnar þegar hann hefði farið á klósettið. Vitnið lýsti því að árið [...] hefði brotþoli ekki verið á góðum stað, hún hefði [...]. Hún hefði ekki hitt hana mikið á þessum tíma en þær hefðu þó oft talað saman. Þær væru ennþá góðar vinkonur í dag. Hún vissi til þess að brotþoli væri ennþá að drekka.

Vitnið I, vinkona brotþola, sagði brotþola hafa sagt sér í janúar [...] að hún hefði misst meydóminn og svo að henni hefði verið nauðgað. Vitnið hefði spurt hvort hún þekkti gerandann. Brotþoli hefði fyrst neitað því en svo játað því að hann væri oft heima hjá henni og vitnið hefði hitt hann. Henni hefði fundist brotþoli stressuð en hún hefði viljað segja frá. Þær vinkonurnar hefðu kynnst 2012 eða 2013 en mæður þeirra hefðu verið góðar vinkonur. Hún hefði oft komið á heimili hennar í [...]. Það hefði verið venjulegt heimili en ekki mjög hreint og mikið af dóti. Það hefði verið gaman þar og ekki strangar reglur. Hún hefði stundum gist en brotþoli hefði oft viljað það. Ákærði hefði stundum gengið um á nærbuxunum á kvöldin og morgnana. Þær brotþoli væru ekki í miklum samskiptum í dag. Mestu samskiptin hefðu verið [...]. Hún hefði merkt breytingu á brotþola. Hún hefði til að mynda mikið verið að sýna á sér líkamann með klæðaburði og líkamshreyfingum.

Vitnið H, vinkona brotþola, sagði brotþola hafa greint sér frá því ca. í janúar [...] að henni hefði verið nauðgað af ákærða. Hún hefði fyrst greint frá snertingum en

síðan nauðgun án þess að skilgreina það nánar. Brotapoli hefði grátið og hún grátið með henni. Þetta hefði gerst þegar þær hefðu gist saman ásamt D, vinkonu þeirra. Þær brotapoli væru góðar vinkonur og hefðu þekkt síðan í 2. bekk. Hún hefði verið mjög mikið á heimilinu og stundum gist þar og fundist heimilið allt í lagi. Brotapoli hefði aldrei minnst á að eitthvað væri að. Hún kvaðst muna eftir að eitt sinn hefði ákærði verið að kitla þær og þá fengið standpínu. Hún hefði séð það sjálf og brotapoli hefði einnig nefnt það. Ákærði hefði verið klæddur í stuttbuxur og bol á þeim tíma. Þetta væri eina tilvikið sem hún myndi eftir að hafa upplifað eitthvað skrýtið á heimilinu.

Vitnið K, [...], greindi frá búsetu [...] að [...]. Hann byggi í hinni íbúðinni í húsinu ásamt [...] og [...]. Íbúðin sem ákærði byggi í væri um 80 m². Móðir brotapola hefði flutt inn til ákærða með börnin sín og búslóð. Nokkuð þröngt hefði verið um þau þótt eitthvað hefði farið í geymslu. Sameiginlegt anddyri væri í húsinu og þaðan dyr inn að báðum íbúðunum. Dyrnar væru alltaf opnar nema yfir nóttina. Gengið væri á milli og til að mynda hefðu ákærði og fjölskyldan stundum komið yfir og nýtt klósett hjá þeim. Hann kvað reglusemi hafa verið á heimilinu en hann hefði aldrei séð ákærða eða sambýliskonu hans undir áhrifum. Þá hefði hann ekki orðið var við annað en að þrifið væri reglulega þótt umgengnin hefði verið í samræmi við heimili þar sem börn eru. Þá lýsti vitnið hótunum frá föður brotapola. Honum hefðu borist hótanir um líflát og pyntingar sem hefðu beinst að ákærða, vitninu og eiginkonu hans.

Vitnið L fjölskyldumeðferðarfræðingur kvaðst hafa hitt brotapola einu sinni, en faðir hennar hefði óskað eftir tíma fyrir hana og hún hefði komið mjög fljótlega eftir það. Áhyggjur hefðu verið af því að brotapoli hefði orðið fyrir kynferðisbroti. Brotapoli hefði greint henni frá því að svo hefði verið en ekki lýst því efnislega. Hún hefði þó talað um óviðeigandi snertingar inni á heimilinu. Brotapoli hefði verið miður sín, átt erfitt með að tala og haft áhyggjur af því sem myndi gerast. Vitnið hefði ekki pressað á hana enda væri það hlutverk rannsakenda og barnaverndar að fjalla nánar um svona mál. Foreldrar brotapola hefðu komið seinna sama dag eða daginn eftir, auk C. Þau hefðu verið miður sín og í miklu áfalli og fengið almennar upplýsingar vegna mála af þessu tagi.

Vitnið F, [...] *Barna- og fjölskyldustofu*, greindi frá viðtölum sínum við brotapola í Barnahúsi. Hún hefði hitt hana nú sinnum, fyrst 13. apríl [...], en þegar hún hefði horfið til annarra starfa hefði E sálfræðingur tekið við og hefði síðasta viðtalið verið skilaviðtal. Yfirleitt sé slík meðferð 16–25 skipti. Hún kvað brotapola hafa greinst með áfallastreituröskun en hún hefði mælst talsvert yfir mörkum. Hún hefði verið með mikinn kvíða og þunglyndiseinkenni og upplifað mikla reiði. Hún hefði fengið hraðan hjartslátt og átt erfitt með að anda. Þá hefði faðir hennar látið vita að hún væri farin að [...]. Brotapola hefðu verið kennd ýmis bjargráð og hvernig hún ætti að slaka á og rætt hefði verið við hana um [...]. Brotapoli hefði lýst aðstæðum sínum þannig að íbúðin hefði verið ógeðsleg og matarleifar hefðu verið úti um allt. Móðir hennar og ákærði hefðu verið

fyllibyttur og hún hefði mest tengst bróður sínum. Hún hefði sofið í stofunni á heimilinu. Erfitt sé fyrir börn að segja frá í slíkum aðstæðum. Þau viti hvað þau hafi en viti ekki hvað gerist ef þau segi frá og finnist þau bera ábyrgð á því.

Brotapoli hefði sýnt mikinn styrk. Hún hefði verið róleg í fasi, oft titrað og grátið, en hún hefði þó verið jarðtengd og ekki miklar sveiflur hjá henni. Hún hefði reynt að yfirfæra það sem hún hefði lært á daglegt líf sitt. Vitnið hefði hitt föður brotþola nokkrum sinnum til að kynna honum meðferðina og hann hefði haft samband símleiðis nokkur skipti og látið vita af atvikum varðandi brotþola sem hann hefði áhyggjur af. Brotapoli hefði lýst góðum aðstæðum en að faðir hennar væri strangur. Hann spyrði oft hvernig henni liði sem henni fyndist erfitt.

Ekki hefði verið farið sérstaklega yfir brotin sjálf í meðferðinni. Fókusinn væri fram í tímann en ekki aftur. Engu að síður væri farið yfir áfallasögu og hvort eitthvað annað gæti skýrt líðanina. Vitnið hefði fengið upplýsingar um [...]. Við það verði tengslarof og það hefði reynst brotþola erfitt. Það hefði mikil áhrif en ekki hefði verið farið mikið ofan í það. Þá hefðu tengsl brotþola við móður rofnað eftir að málið hefði komið upp og þær átt takmörkuð samskipti. Slíkt hafi ekki góð áhrif en brotapoli hefði upplifað að móðir hennar hefði brugðist henni fyrst eftir að hún hefði sagt frá. Það væri hlutverk barnaverndar að vinna í þessu.

Vitnið E, sálfræðingur hjá Barna- og fjölskyldustofu, greindi frá viðtölum sínum við brotþola. Hún sagði viðtölin ekki vera regluleg og líklega væru 4–5 skipti eftir. Meðferðin hefði gengið vel þótt bakslög yrðu inn á milli. Um væri að ræða áfallameðferð sem hefði verið með nokkuð dæmigerðum hætti. Brotapoli hefði tjáð sig vel og verið staðföst og samkvæm sjálfri sér. Hún hefði greint frá brotunum gegn sér en átt erfitt með að ræða um þau. Ekkert hefði komið fram sem hefði kastað rýrð á frásögn hennar. Ef börn segðu ósatt væru frásagnir þeirra oft ýktar, grófar eða reyfarakenndar. Þannig væri það alls ekki hjá brotþola. Algengt væri að börn segðu ekki frá atvikum á meðan á þeim stæði heldur síðar. Hegðun brotþola áður en málið hefði komið upp væri dæmigerð hegðun í aðdraganda þess að barn segði frá slíkum atvikum. Oft væri um að ræða [...]. Brotapoli hefði sagt yfirvegað frá atvikum og í frjálsri frásögn. Henni hefði liðið illa og fundist erfitt að segja frá. Hún hefði lýst atvikum myndrænt og sýnt líkamleg viðbrögð þegar hún hefði lýst því að hafa átt að sleikja getnaðarlim ákærða. Vitnið kvaðst telja að brotþoli hefði ekki haft getu til að lýsa þessu í fyrstu skýrslu í Barnahúsi, en algengt sé að atvik bætist við eftir það.

Vitnið greindi frá samskiptum við föður brotþola en hún hefði hitt hann nokkrum sinnum og hann hefði haft samband þegar eitthvað hefði komið upp á. Hún hefði ekki hitt móður brotþola, en brotþoli hefði verið alfarið hjá föður sínum eftir að hún kom til hennar. Brotapoli sakni móður sinnar og vilji koma samskiptum á aftur. Hún hefði þó ekki upplifað hana mjög styðjandi, eins og hún hefði ekki tekið málstað hennar til fulls.

Hún hefði orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögð hennar í kjölfar þess að málið hefði komið upp. Brotapoli hefði lýst bernsku sinni þannig að hún hefði verið undir verndarvæng [...] og lýst óhreinindum, vanrækslu með mat, drykkju og óreglu. Hún hefði stundum verið með bróður sínum úti langt fram á kvöld. Brotapoli virðist vera á ágætum stað núna en kvarti undan því að faðir hennar sé fullstrangur. Þá finnst henni óþægilegt þegar hann spyrji um líðan hennar. Hún hafi undanfarið farið aðeins út af sporinu en vitnið telji það tengjast streitu í sambandi við málið. Hún sé ekki í neyslu og drekki sjaldan áfengi.

Brotapoli hefði haft áfallastreitu með [...]. Saga brotþola væri alltaf skoðuð. Meiri líkur séu á alvarlegum áfallaeinkennum ef börn eru brotin fyrir. Mjög þung staða hefði verið hjá brotþola. Hún hefði alist upp með [...]. Það væri erfið reynsla en hún hefði ekki áfallastreituröskun út af því. Brotapoli lýsti því að aðalástæða vanlíðunar sinni væri þau atvik sem væru hér til umfjöllunar. Hluti af vanlíðan hennar væri tengslarof við móður en það skýrði ekki alla hennar vanlíðan. Þörf sé á að vinna með það en það sé í höndum barnaverndar.

Ekki sé verið að kafa í sögu brotþola heldur fyrst og fremst verið að vinna með framtíðina. Ekkert hafi þó komið fram sem rýri frásögn brotþola. Frásögn brotþola sé í takt við frásagnir annarra barna af slíkum atburðum. Engar ýkjur sé þar að finna og í raun sé hún að lýsa tiltölulega vægum brotum, sem bendi ekki til þess að brotþoli sé að búa þetta til.

Niðurstaða

Ákærða eru gefin að sök kynferðisbrot og stórfellt brot í nánú sambandi gegn stjúpdóttur sinni með því að hafa á tímabilinu [...] á heimili þeirra misnotað freklega yfirburðastöðu sína, traust hennar og trúnað sem stjúpfaðir og endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð hennar með því að hafa í ótilgreindan fjölda skipta með ólögumatri nauðung haft við hana önnur kynferðismök en samræði með því að setja fingur inn í leggöng hennar, getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhafa samfarahreyfingar, sleikja kynfæri hennar, nudda kynfæri hennar og fróa sér á meðan og í eitt skipti látið hana veita sér munnmök, auk þess sem hann hafi sýnt henni klámmyndir og tekið mynd af kynfærum hennar í eitt skipti.

Ákærði hefur alfarið neitað sök. Hann hefur lýst góðum samskiptum við brotþola þar sem ekkert hafi komið upp á og kannast ekki við neitt af því sem lýst er í ákæru. Brotapoli hefur hins vegar ítrekað lýst því að ákærði hafi margoft brotið gegn henni á tímabili frá því skömmu eftir að hún flutti inn á heimili ákærða um haustið [...] og þar til í upphafi árs [...].

Engin vitni voru að þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök og ræðst niðurstaða málsins því af mati á sönnunargildi og trúverðugleika framburðar brotþola annars vegar

og ákærða hins vegar. Skýrslur vitna, sem hafa ekki skynjað atvik af eigin raun, geta haft þýðingu við það mat, að því marki sem unnt er að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra, sem og önnur gögn.

Framburður brotaþola hefur verið að mestu leyti stöðugur allt frá því að hún greindi fyrst frá málinu. Þær breytingar hafa þó orðið að fleiri atriði hafa bæst við framburð hennar. Þannig greindi hún ekki strax frá atriðum sem gerðust á baðherbergi og gaf nánari lýsingu á því atviki er ákærði hefði látið hana sleikja getnaðarlim sinn. Að sögn sérfræðings í Barnahúsi er algengt að bætist við sögu barns frá upphaflegri skýrslu, en þau hafi oft ekki getu til að greina frá öllu strax. Frásögn brotaþola virðist afar einlæg. Hún hefur lýst brotunum fyrir lögreglu, í Barnahúsi og á ný fyrir lögreglu, auk þess sem hún gaf skýrslu fyrir dómi. Er ekki að sjá að mótsagnir séu í framburði hennar um nein þau atriði er máli skipta. Telur dómurinn því framburð brotaþola mjög trúverðugan.

Ákærði hefur að sama skapi verið staðfastur í neitun sinni og lýsingu á heimilisaðstæðum. Sækjandi telur að það dragi úr trúverðugleika hans að hann hafi ekki kannast við „kitlustríð“ við brotaþola og vinkonu hennar þar sem hann hafi fengið standpínu og að hann hafi lýst því að hann hafi verið mikið fjarverandi af heimilinu sem fái ekki stoð í framburði annarra vitna. Dómurinn getur ekki tekið undir framangreinda fullyrðingu. Óvíst er hvenær framangreint „kitlustríð“ átti sér stað og er ekki hægt að fullyrða að þar sé um atvik að ræða sem ákærði hljóti að muna eftir. Þá fær það stoð í framburði móður brotaþola að ákærði hafi verið mikið fjarverandi af heimilinu í upphafi sambúðar þeirra vegna vinnu, þótt hún hafi ekki talið að hann hafi verið fjarverandi öll kvöld. Þótt ákærði virðist hafa reynt að draga úr því hve oft hann hafi verið einn með brotaþola hefur hann ekki neitað því að það hafi gerst og kannast við lýsingar brotaþola á því að þau hafi horft saman á myndir í tölvunni inni í rúmi, hann hafi farið inn til hennar fyrir svefninn og farið inn á baðherbergi til hennar. Ekki virðist annað að finna í framburði ákærða sem veikir trúverðugleika hans.

Fyrir liggur að brotaþoli greindi vinkonum sínum frá brotum ákærða áður en hún greindi öðrum frá. Þannig virðist hún fyrst hafa nefnt eitthvað við vinkonu sína árið [...] en ári síðar sagðist hún hafa verið að grínast. Í desember [...] greindi hún vinkonunni aftur frá því að eitthvað hefði gerst og lýsti vinkonan því að hún hefði sagt að ákærði hefði nauðgað henni og misnotað. Þá greindi hún annarri vinkonu frá því í janúar [...], eða skömmu áður en málið kom upp, að hún hefði misst meydóminn og sagði svo að henni hefði verið nauðgað en greindi ekki frá því um hvern væri að ræða.

Móðir brotaþola greindi frá því fyrir dóminum að frásögn brotaþola hefði komið henni verulega á óvart og hún hefði ekki orðið vör við neitt þann tíma sem þau bjuggu saman sem gæfi henni ástæðu til að ætla að allt væri ekki með felldu. Hún hefði eftir mikla uppriðjun minnst eins atviks þar sem hún hefði komið óvænt heim og ákærði og brotaþoli hefðu verið að horfa á mynd undir sæng í rúminu og þeim hefði virst bregða

mjög. Hún taldi þó að þau hefðu verið hvort undir sinni sænginni og hugsanlega með tölvu á milli sín, en algengt hefði verið að þau ákærði og brotþoli horfðu saman á mynd undir sæng í rúminu og var móðir brotþola stundum með þeim. Fyrir dómi var hún síðan spurð um þvottinn á heimilinu og hvort mögulega hefðu verið klístraðir bolir eða handklæði í þvottinum sem í hefði getað verið sæði frá ákærða. Hún kvaðst þá telja að það hefði gerst en ekki hefði verið mikið um það. Hún gat þó ekki greint frá því hvort þetta hefði gerst oft eða hvenær þetta hefði verið. Fram kom hjá henni að hún hefði ekki merkt sérstakar breytingar á brotþola og talið hana glaða. Þá kvað hún brotþola hafa skýrt ósk sína um að tala við sálfræðing með því að hún teldi sig vera með ADHD. Jafnframt kom fram hjá henni að brotþoli hefði aldrei forðast ákærða og hún hefði jafnvel óskað þess að hann væri heima með henni að læra í stað þess að hún færi til föður síns um það leyti sem málið kom upp.

Faðir brotþola lýsti því að hann hefði haft grunsemdir um að ákærði hefði misnotað dóttur hans með vísan til atviks sem hefði átt sér stað skömmu eftir að brotþoli hefði flutt inn á heimili ákærða árið [...] er hún var [...] ára gömul. Af frásögninni er ljóst að þótt ákærði hafi farið inn á baðherbergi þar sem stúlkan var í baði voru dyrnar opnar og aðrir fjölskyldumeðlimir heima. Móðir brotþola hefur lýst því að stúlkan hafi oft kallað og beðið um sér yrði rétt eitthvað meðan hún var í baðinu en ákærði hefði verið viljugur að sinna henni. Verða því ekki dregnar þær ályktanir af þessu atviki að eitthvað óeðlilegt hafi verið á seyði.

[...] brotþola greindi frá því að honum hefði þótt samband ákærða og brotþola óeðlilegt. [...] lýsti því að ákærði hefði sofið inni hjá henni eða hún hjá honum allar nætur. Sá framburður er ekki fyllilega í samræmi við framburð brotþola eða ákærða en þó er fram komið að það hafi gerst að þau hafi sofnað yfir bíómynd og að brotþoli hafi stundum sofið inni hjá ákærða þegar móðir hennar var í burtu og henni leið ekki vel.

Í málinu liggur fyrir vottorð sálfræðings Barnahúss sem staðfestir andlega vanlíðan brotþola. Sálfræðingurinn staðfesti vottorðið fyrir dómi og lýsti því að brotþoli hefði greinst með [...]. Hún lýsti því að hegðun brotþola rétt áður en atvikið kom upp væri í samræmi við það sem þekkt væri hjá börnum sem væru þolendur kynferðisbrota. Þá greindi hún frá fleiri þáttum sem hefðu áhrif á líðan brotþola, en ljóst er að hún hefur búið við erfiðar aðstæður frá ungaaldri og hefur misst tengsl við móður sína í kjölfar þess að málið kom upp.

Lögregla rannsakaði heimili ákærða og lagði hald á síma ákærða og tölvubúnað sem þar fannst. Við húsleit og rannsókn á tölvubúnaði fannst ekkert sem rennt getur stoðum undir sekt hans.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Í 1. mgr. 109. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að dómari meti hverju sinni hvort nægileg sönnun

sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða, vitnisburður annarra og sýnileg sönnunargögn hafi.

Eins og fram hefur komið hefur dómurinn metið framburð brotþola trúverðugan og fær hann nokkra stoð í því sem hér hefur verið rakið um framburð vitna fyrir dóminum og vottorði og vætti sérfræðinga Barnahúss. Verður þá að meta hvert vægi framangreind sönnunargögn hafa. Með hliðsjón af öllu framangreindu, og þegar gögn málsins og aðstæður allar eru metnar heildstætt, er það mat dómsins að framburður brotþola hafi ekki þá stoð að nægi til að sakfella ákærða gegn eindreginni neitun hans. Hefur ákærvaldið því ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir og ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins verður einkaréttarkröfu brotþola vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður allur sakarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Bjarna Haukssonar lögmanns, 3.013.200 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Helgu Baldvins Bjargardóttur lögmanns, 2.109.240 krónur, greiddur úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Einkaréttarkröfu brotþolans [...] er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar sem talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Bjarna Haukssonar lögmanns, 3.013.200 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Helgu Baldvins Bjargardóttur lögmanns, 2.109.240 krónur.